

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
13. jan. 2012 10.5.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. janúar 2012
Tilvísun: UST20111200177/ksj

Akureyrarbær – Dalsbraut. Frá aðkomuvegi að Lundaskóla að Miðhúsabraut.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 27. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 106/2000 m.s.b. um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.

Í samantekt í greinargerð kemur fram að væntanlegur hluti Dalsbrautar mun liggja milli Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar og verður tengibraut í þéttbýli. Dalsbraut milli Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar kemur til með að vera 1 km á lengd ef af framkvæmd verður, þar af hefur þegar verið lagður 200 m kafli frá Þingvallastræti að aðkomuvegi að Lundarskóla. Í greinargerð kemur einnig fram að breidd vegstæðisins á milli lóðarmarka á megin hluta svæðisins er 35 – 40 metrar.

Núverandi aðstæður

Í umfjöllun um núverandi aðstæður kemur fram að vegstæði Dalsbrautar er grasi gróið og hefur verið svo frá því að íbúðasvæðin umhverfis hófust að byggjast upp seint á sjöunda áratugnum.

Þörf

Í greinargerð kemur fram í kaflanum um umfjöllun á þörf Dalsbrautar, að skv. skýrslu sem unnin var til að athuga þörf fyrir lagningu Dalsbrautar: „er Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis ekki nauðsynleg vegna umferðarpunga í fyrirséðri framtíð, en lagning hennar myndi engu að síður draga að sér umferð og því léttu á eða a.m.k. draga úr vexti umferðar á öðrum leiðum eins og um Þingvallastræti, Þórunnarstræti og Hlíðarbraut.“.

Umferðarspá

Í greinargerð kemur fram að umferðarspá var gerð fyrir Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis árið 2004, og í skammtímaspá hennar kom fram að umferðarpunginn verði u.þ.b. 4.000

ökutæki á sólarhring, um fjögur hundruð bílar á hámarksklukkustund. Einnig kemur fram að skammtímaspáin eigi ekki við fyrir en um og eftir 2018.

Umferðaröryggi

Í umfjöllun um umferðaröryggi kemur fram að gönguleiðir sem tengjast aðalstígnum þvera Dalsbraut á sex stöðum og tengjast inn á stígakerfi vestan götunnar. Þar af eru gangbrautarljós með miðeyju á tveimur stöðum. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að athuga hvort undirgöng fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, einkum við Lundarskóla væru ekki heppilegri og öruggari mótvægisáðgerð vegna umferðaröryggis, þar sem við þær aðstæður verða létt umferð og bílaumferð ekki í sama plani.

Hljóðvarnir

Í umfjöllun um hljóðvarnir kemur fram að til þess að ná jafngildishljóðstigi niður fyrir 55 dB við opnanlegan glugga á húsvegg eins og reglugerð um hávaða nr. 724/ 2008 gerir ráð fyrir, verði mótvægisáðgerðir í formi hljóðmana nauðsynlegar. Gert er ráð fyrir að þörf verði á allt að 2,0 m háum hljóðmönnum. Einnig er gert ráð fyrir að hámarkshraði á Dalsbraut verði 50 km sunnan Skógarlundar, en 30 km norðan Skógarlundar.

Ljóst er að sjónræn áhrif tveggja metra hárra hljóðmana verða veruleg, en ekkert er fjallað um sjónræn áhrif hljóðmana í greinargerð, einungis er fjallað um hljóðmanir sem mótvægisáðgerðir vegna hljóðvistar.

Niðurstaða

Tengibrautin Dalsbraut er inni á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018. Að mati Umhverfisstofnunar liggja umhverfisáhrif lagningu Dalsbrautar frá Þingvallastræti að Miðhúsabaut fyrir, og myndi frekara mat á umhverfisáhrifum ekki breyta neinu þar um. Íbúar húsa á lóðum er liggja að áætlaðri Dalsbraut munu finna mest fyrir umhverfisáhrifum af lagningu Dalsbrautar. Umhverfisáhrifin verða breytt loftgæði og breytt hljóðstig sem hljóðmanir í formi mótvægisáðgerða munu hafa áhrif á til lækkunar. Einnig verða sjónræn áhrif af 2 metra háum hljóðmönnum, og svæði sem áður var grænt svæði verður tekið undir framkvæmdir.

Þriggja metra breiður göngu- og hjólreiðastígur austan við Dalsbraut frá Þingvallastræti að Miðhúsastíg mun bæta aðgengi hjólandi og gangandi umferðar, en athuga þyrfti að mati Umhverfisstofnunar hvort öryggi þess hóps væri betur borgið með þverun um undirgögn frekar en ljósastýrðum þverunum, alla vega við Lundarskóla.

Að mati Umhverfisstofnunar mun gerð Dalsbrautar ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Með lagningu Dalsbrautar mun gegnum akstur aukast um tiltekið íbúðahverfi á Akureyri og umferðaröryggi við Lundarskóla verður ekki eins gott og áður.

Virðingarfyllt

A. Björn Gunn.
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur